



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Samstarfssamningur um samrekið almennings- og skólabókasafn í Úlfarsárdal

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. ágúst 2021 var lagður fram samstarfssamningur milli menningar- og ferðamálasviðs og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um samrekið almennings- og skólabókasafn í Úlfarsárdal. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. ágúst 2021.

Skóla- og frístundaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Pað er sérstakt fagnaðarefni að samstarf hafi verið innsiglað milli skóla og frístundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs um að hið nýja almennings og skólabókasafn í Úlfarsárdal verði samrekið og undir stjórn fagfólks Borgarbókasafnsins. Pað er skýrt framfaraskref sem gefur fyrirheit um framtíðina.

Erindið var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Samstarfssamningur um samrekið almennings- og skólabókasafn í Úlfarsárdal

Menningar- og ferðamálasvið og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um samrekið almennings- og skólabókasafn í Úlfarsárdal:

1. gr.

Markmið

Markmið þessa samnings er að kveða á um þjónustu og samstarf Borgarbókasafns og Dalskóla hvað varðar rekstur skólasafns.

2. gr.

Rekstur skólasafns Dalskóla

Borgarbókasafn Reykjavíkur tekur að sér að reka skólasafn fyrir Dalskóla. Skólasafnið skal vera hluti af Borgarbókasafninu í Úlfarsárdal og samrekið með því.

Með þessu móti fullnægir Dalskóli kröfum 2. mgr. 20. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem fram kemur að í öllum grunnskólum skuli gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns sem skal vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skuli búið bókum og nýsigönum auk annars safnkosts sem tengist námsgreinum og námssviðum aðalnámskrár grunnskóla. Til samræmis við 4. mgr. 7. gr. bókasafnslaga nr. 150/2012 skal skólasafnið meðal annars leggja áherslu á að þjálfa nemendur og starfsfólk skólans í upplýsingalæsi.

Með vísan til framangreinds sinnir Borgarbókasafnið hefðbundinni skólasafnsþjónustu fyrir Dalskóla, svo sem safnkennslu, aðstoðar nemendur við gagnaleit, kemur að lestrarhvetjandi verkefnum af ýmsum toga, heldur utan um bókakost safnsins í kennslustofum og er í samstarfi við kennara og stjórnendur Dalskóla um að Borgarbókasafnið verði lifandi og nauðsynleg tenging við menningu borgarinnar í víðum skilningi.

Borgarbókasafn ber ábyrgð á húsnæði safnsins.

3. gr.

Ábyrgð á nemendum

Í samraemi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, eru nemendur Dalskóla á ábyrgð Dalskóla meðan á daglegum starfstíma skólans stendur, þegar þeir taka þátt í skipulögðu skólastarfi innan skólans, á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans.

Ákvarðanir um réttindi og skyldur nemenda skulu tekna af Dalskóla.

4. gr.

Reglur skólasafnsins

Borgarbókasafn og Dalskóli koma sér saman um nánari reglur og starfshætti í skólasafninu. Reglur þessar skulu vera skriflegar og endurskoðaðar eftir þörfum.

Kennari kynnir nemendum reglurnar og ábyrgist að þeim sé fylgt í hvívetna. Hafi nemendur í frammri hegðun sem ekki samrýmist reglunum eða óhlýðnist þeir fyrirmælum starfsmanna safnsins skal viðkomandi starfsmaður gera kennara viðvart.

Hafi kennari athugasemdir fram að færa vegna framkomu eða verklags starfsmanna skólasafnsins skal hann leiða það mál til lykta í samráði við Dalskóla. Hafi starfsmenn skólasafnsins athugasemdir fram að færa vegna framkomu eða verklags kennara skal safnið leiða það mál til lykta í samráði við skólastjóra Dalskóla.

Dalskóli ber ábyrgð á að kynna foreldrum fyrirkomulag á rekstri skólasafnsins og reglur um starfshætti.

5. gr.

Fjármál

Borgarbókasafn ræður til sín deildarbókavörð í 100% stöðu við samrekið almennings- og skólasafn í Dalskóla. Dalskóli fjármagnar 80% af kostnaði vegna þessa starfsmanns og Borgarbókasafnið fjármagnar 20%. Fjárupphæð miðast við starfsheitið og kjarasamninga.

Dalskóli leggur jafnframt til fé til safnskorts fyrir skólasafnshlutann (börn á aldreinum 6-16 ára) að fjárhæð 400.000 kr. árlega, sem breytist árlega í samræmi við rammaúthlutun hverju sinni.

6. gr.

Starfsfólk

Allt starfsfólk sem starfar við samrekið almennings- og skólasafn heyrir undir Borgarbókasafn Reykjavíkur og nýtur þeirra kjara sem ráðningarsamningur viðkomandi við safnið segir til um. Starfstími viðkomandi fellur einnig undir viðeigandi ráðningarsamning.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu um það sem það fær vitneskjú um í starfi sínu, sbr. X kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, kemur fram að óheimilt er að ráða til starfa við grunnskóla einstakling, sem hlutið hefur refsídum fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við upphaf samningstíma skal menningar- og ferðamálasvið sjá til þess að fyrir liggi samþykki allra starfsmanna hans, sem starfa munu í skólasafninu á grundvelli fyrir því að menningar- og ferðamálasviði sé heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá þeirra um brot skv. XXII. kafla (kynferðisbrot) (engin tímamörk) og XXIII. kafla (ofbeldisbrot) almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (síðustu fimm ár), auk brota gegn lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni (síðustu fimm ár). Óheimilt er að fela starfsmanni að veita nemendum Dalskóla þjónustu fyrr en Dalskóla hefur staðreynt að starfsmaðurinn hafi ekki hlotið refisdóma fyrir þau brot, sem að framan greinir og teljist hæfur til að veita þjónustuna.

7.gr.

Tilkynningar

Falli notkun skólasafnsins niður af einhverjum orsökum skal það tilkynnt Dalskóla með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þegar fyrir liggur að skólasafnið verði lokað er það á ábyrgð Dalskóla að nemendur verði ekki sendir í safnið.

8. gr.

Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirfram fengnu skriflegu samþykki gagnaðila.

9. gr.

Vanefndir

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum skv. samningi þessum af hálfu annars hvors samningsaðila er gagnaðila heimilt að rifta samningnum án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til slíkrar riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

10. gr.

Gildistími samnings

Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2021 og er ótímabundinn.

Gerður er fyrirvari af hálfu beggja aðila um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Samningur þessi skal yfirfarinn af báðum aðilum á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn þann 1. ágúst 2023. Uppfærsla skal gerð ef þurfa þykir og hann færður til þeirra starfsháttar sem mótað hafa og hafa reynst báðum vel.

Samningurinn er uppségjanlegur hvenær sem er á tímabilinu af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

11. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnavalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

12. gr.

Önnur ákvæði

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirsvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta

Gjört í Reykjavík, 2021

f.h. menningar- og ferðamálasviðs

f.h. skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 4. ágúst 2021
SFS20210800151
214. fundur

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur um samrekið almennings- og skólabókasafn milli menningar- og ferðamálasviðs og skóla- og frístundasviðs

Árið 2012 var skrifuð forsögn að nýju mannvirki í Úlfarsárdal. Þar var gert ráð fyrir skóla, leikskóla, almenningsbókasafni, menningarmiðstöð, frístund og íþróttahúsi. Var lagt upp með að leitað yrði leiða til að skoða samlegð og samvinnu allra þessara stofnana og í framhaldi samvinnu við Fram sem reka munu íþróttahúsið.

Í hönnunarferlinu þar sem stuðst var við verklag „design down“ voru þættir eins og samrekstur almennings- og skólabókasafns fljótlega settir niður sem samlegðarávinningur fyrir báðar stofnanirnar. Samlegðarávinningur yrði faglegur, rekstrarlegur og menningarlegur.

Fljótlega var ákveðið að almenningsbókasafn og menningarmiðstöð yrðu rekin sem ein stofnun. Þegar leið á hönnunarferlið kom upp sú hugmynd hvort það leyndist ekki hagkvæmi í því að reka saman almenningsbókasafn og skólasafn í einni stofnun. Snertifletir þessara tveggja tegunda bókasafn afar margvíslegir og því þótti nokkuð vel í lagt að reka tvö bókasöfn í sömu byggingunni. Hagkvæmnin felst í beinum fjárhagslegum áviningi fyrir báða aðila, en ekki er síður ávinningur fyrir notendur að skólasafnið sé einnig almenningsbókasafn. Nemendur hafa þar mun betri aðgang að almenningsbókasafni hverfisins og kynast starfsemi þess og kostum strax frá fyrsta degi í skóla, en ekki aðeins í gegnum hefðbundnar skólaheimsóknir á almenningsbókasafnið.

Samrekin skóla- og almenningsbókasöfn eru nokkuð algeng á landsbyggðinni sem og á Norðurlöndum. Til að mynda eru slík söfn í nokkrum skólum í Árósum í Danmörku og péttu þar sem almenningssafnakerfi borgarinnar til muna svo dæmi sé tekið. Einnig má benda á afar framsækið almenningsbókasafn í úthverfi Kaupmannahafnar, Ørestad Bibliotek sem þjónar bæði grunnskóla og menntaskóla sem eru staðsett í sömu byggingu. Sjá <https://bibliotek.kk.dk/bibliotek/orestad>

Samkvæmt 10. gr. bókasafnslaga nr. 150/2012 er heimilt að reka almenningsbókasafn og skólasafn grunnskóla saman, enda sé gerður um það skriflegur samstarfssamningur milli bókasafnsstjórnar og skólanefndar með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

Gert er ráð fyrir að fjárhheimildir Dalskóla vegna kostnaðar skólans verði fluttar til Borgarbókasafnsins.

